

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012, tilfærsla Gjábakkavegar/Lyngdalsheiðarvegar, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 28. febrúar 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugardalshrepps 2000-2012 frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að:

1. hluti stofnbrautar fyrirhugaðs Gjábakkavegar færist til suðurs,
2. tengibraut er lögð vestan Blöndumýrar frá nýjum vegi að núverandi Gjábakkavegi,
3. hverfisvernd í kringum Blöndumýri og Breiðumýri verður endurskoðuð og gert ráð fyrir nýjum hverfisverndarsvæðum við Beitivelli og Laugarvatnsvelli,
4. gert er ráð fyrir þremur nýjum efnistökusvæðum og staðsetning annarra efnisnáma leiðréttist,
5. frístundabyggðarsvæði í landi Eyvindartungu minnkar um 18 ha.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun mælt með því að breytingin verði staðfest.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 28. febrúar 2008.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*